

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Skrifstofa blaðsins
er í Síðumúla 29, 2. hæð,
150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Árg. kostar 2.500 krónur,
hvert eintak 65 krónur.

Nr. 119 94. ár

Föstudaginn 28. september 2001

Stefna

Dómstjóri héraðsdóms Norðurlands eystra

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Einar Baldvin Axelsson hrl., Logos lögmansþjónustu, kt. 460100-2320, Borgartúni 24, Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hf., kt. 461296-2119, Aðalstræti 6, Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra til ógildingar á veðskuldabréfum.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur, að ógilt verði með dómi veðskuldabréf: 1. Veðskuldabréf útgefið 15. júní 1995 af Þýsk-íslenska hf., kt. 670976-0419, Lynghálsi 10, Reykjavík, að fjárhæð kr. 28.380.000 til Kaupþings hf., kt. 560882-0419, Kringlunni 5, Reykjavík. Bréfið var til 7 ára og skyldi endurgreiða með 24 afborgunum á 1 mánaðar fresti í fyrsta sinn 1. ágúst 2000. Bréfið var tryggt með vísitölu neysluverðs með grunnvísitölunni 203. Bréfið bar ekki vexti. Til tryggingar bréfinu voru eignirnar Hvannavellir 14, Akureyri, öll eignin og Hvannavellir 14, Akureyri, meðfram Furuvöllum settar að veði, auk þess sem handveð var í leigugreiðslum.

2. Veðskuldabréf útgefið 15. júní 1995 af Þýsk-íslenska hf., kt. 670976-0419, Lynghálsi 10, Reykjavík, að fjárhæð kr. 21.285.000 til Kaupþings hf., kt. 560882-0419, Kringlunni 5, Reykjavík. Bréfið var til 5 ára og skyldi endurgreiða með 18 afborgunum á 1 mánaðar fresti í fyrsta sinn 1. febrúar 1999. Bréfið var tryggt með vísitölu neysluverðs með grunnvísitölunni 203. Bréfið bar ekki vexti. Til tryggingar bréfinu voru eignirnar Hvannavellir 14, Akureyri, öll eignin og Hvannavellir 14, Akureyri, meðfram Furuvöllum, settar að veði, auk þess sem handveð var í leigugreiðslum.

Þann 6. júlí 1995 var gerð leiðrétting á bréfnum varðandi nafnbreytingu á skuldara. Á bréfnum er útgefandi þeirra sagður vera Þýsk-íslenska hf., kt. 670976-0419. Nafnbreytingin var á þá leið að útgefandi bréfanna heitir nú Þýsk-íslenska verslunarfélagið hf. og er kennitala sú sama, 670976-0419. Breytingu þessari var þinglýst 12. júlí 1995.

Skuldabréfin voru framseld til Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, kt. 640269-7749, 17. júní 1995. Síðar voru þau framseld til Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hf., kt. 461296-2119, þegar félaginu var breytt í hlutafélag.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi kveður málavexti vera þá að bréfin hafi verið í vörslu Kaupþings hf. á lánstímanum. Bréfin séu nú að fullu greidd en frumrit þeirra hafi glatast og ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Stefnandi þurfi að láta aflýsa bréfnum af hinum veðsettu eignum. Þar sem slíkt er ekki hægt nema með áritun á frumrit bréfanna er stefnanda nauðsynlegt að fá veðskuldabréfin ógilt með dómi til að unnt sé að aflýsa þeim af veðunum.

Lagarök: Stefnandi vísar til 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Tilkynning

um dráttarvexti og vexti af peningakröfum

Fyrsti kafli hér að neðan um dráttarvexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, og gilda dráttarvextir sem þar eru sýndir í sex mánuði í senn frá 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Annar kafli um almenna vexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 4. og 8. gr. sömu laga og þriðji kafli samkvæmt bráðabirgðaákvæði III í sömu lögum og gilda vextir samkvæmt II. og III. kafla næsta almanaksmánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist. Vextir sem breytast eru merktir með stjörnu (*). Innan sviga eru sýndir vextir fyrir breytingu.

I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum

- Grunnur dráttarvaxta¹⁾
- Vanefndaálag²⁾
- Dráttarvextir³⁾

II. Almennir vextir

- Vextir óverðtryggðra lána skv. 4. gr.⁴⁾
- Vextir verðtryggðra lána skv. 4 gr.⁴⁾
- Vextir af skaðabótakröfum⁵⁾

III. Dráttarvextir af peningakröfum í erlendri mynt⁶⁾

- Bandaríkjadollurum
- Sterlingspundum
- Dönskum krónum
- Norskum krónum
- Sænskum krónum
- Svissneskum frönkum
- Japönskum jenum
- Evrur⁷⁾

Vextir alls á ári f.o.m. 1. október 2001

10,9%
12,6%
23,5%

14,5%
7,8%
9,5%

6,5% * (7,0%)
8,0% * (8,5%)
8,0%
10,5%
7,0%
6,0% * (6,5%)
5,0%
7,5%

- Grunnur dráttarvaxta eru gildandi vextir algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana, nú ávöxtun í endurhverfum verðbréfakaupum Seðlabankans.
- Vanefndaálag er ellefu hundraðshlutar, nema um annað sé samið skv. 2. mgr. 6. gr. laganna. Seðlabankanum er þó heimilt að ákveða annað vanefndaálag að lágmarki sjö hundraðshlutar og að hámarki fimmtán hundraðshlutar.
- Dráttarvextir eru samtala grunns dráttarvaxta og vanefndaálags. Seðlabankinn skal birta dráttarvexti eigi skemur en viku fyrir gildistökudaga dráttarvaxta sem eru 1. janúar og 1. júlí ár hvert.
- Almenna vexti skv. 3. gr. laganna skal því aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Þegar hundraðhluti þeirra eða vaxtavíðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hvejrur tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánunum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Þar sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánunum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Í bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánunum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, meðalútlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða eða meðalútlánsvexti sem Seðlabanki Íslands birtir, eða vísað er með öðrum almennum hætti til vaxta á markaði, og skulu þá vextir af þessum peningakröfum, eftir gildistöku laganna, vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 2,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.“ Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma, hæstu vexti á markaðnum eða vísað er með öðrum almennum hætti til hæstu vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 4,5%, þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.“
- Vextir af kröfum um skaðabætur, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna, skulu á hverjum tíma vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málslið 4. gr. laganna.
- Í bráðabirgðaákvæði III í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánssamningi í erlendum gjaldmiðli, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðu dráttarvextir eins og þeir eru á hverjum tíma, dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands eða dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, eða vísað er með öðrum hætti til dráttarvaxta sem Seðlabankinn ákvað skv. 11. gr. laga nr. 25/1987, og skulu þá dráttarvextir þessir vera ákvarðaðir með sama hætti næstu fimm árin eftir gildistöku laga þessara, en að þeim tíma loknum skulu þeir vera jafnháir þeim dráttarvöxtum í hlutaðeigandi gjaldmiðli sem síðast voru auglýstir af Seðlabankanum í Lögbirtingablaði fimm árum eftir gildistöku laganna.“
- Sömu vextir gilda af peningakröfum í myntum aðildarlanda myntbandalags Evrópu (EMU) og í evrum.

Um leið og tilkynning þessi öðlast gildi 1. október 2001, fellur úr gildi tilkynning nr. 3/2001 dags. 23. ágúst 2001 um dráttarvexti og vexti af peningakröfum.

Reykjavík, 21. september 2001.
Seðlabanki Íslands.

Auglýsing

um mat á umhverfisáhrifum – úrskurður Skipulagsstofnunar

Landfylling í Arnarnesvogi, Garðabæ.
Skipulagsstofnun hefur úrskurðað samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Fallist er á gerð landfyllingar í Arnarnesvogi, Garðabæ, eins og henni er lýst í matsskýrslu framkvæmdaraðila.
Úrskurðurinn í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Úrskurðinn er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is.
Úrskurð Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 26. október 2001.

Skipulagsstofnun.

12035)

Auglýsing

um skipulagsmál í Reykjanesbæ

Breyting á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015.
Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73 frá 28. maí 1997, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi í Reykjanesbæ.
Tillagan gerir ráð fyrir að svæði norðan Aðalgötu merkt U15 opið svæði – skipulagi frestað, er breytt í athafnasvæði. Lóð verslunar og þjónustu er einnig breytt í athafnasvæði. Jafnfamt er legu reiðstígs og aðalgöngustíga breytt.
Tillagan liggur frammi á skrifstofu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, frá 28. september 2001 til 29. október 2001. Athugasemdum við tillögurnar skal skila til bæjarstjóra Reykjanesbæjar eigi síðar en 9. nóvember 2001 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunum.

Deiliskipulag í Reykjanesbæ

Samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73 frá 28. maí 1997, er hér með auglýst til kynningar tillaga að deiliskipulagi Borgarhverfis, athafnasvæðis í Keflavík, Reykjanesbæ.
Svæðið er við Reykjanesbraut norðan Aðalgötu og er um 20 ha að stærð.
Tillagan, uppdráttur og greinargerð, liggur frammi á skrifstofu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, frá 28. september 2001 til 29. október 2001. Athugasemdum við tillögurnar skal skila til bæjarstjóra Reykjanesbæjar eigi síðar en 9. nóvember 2001 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunum.

Reykjanesbæ, 21. september 2001.
Bæjarstjórinn í Reykjanesbæ.

12033)

Tilkynning

frá Lyfjastofnun

um markaðsleyfi er Lyfjastofnun hefur veitt fyrir lyf á Íslandi á árunum 2000 og 2001 á grundvelli markaðsleyfis frá öðru aðildarríki EES-samningsins með gagnkvæmri viðurkenningu – MR (Mutual Recognition Procedure).

- Lyf:**
UBIT – DE/H/245/01 – Mixtúrukyrni 100 mg.
Markaðsleyfishafi: Otsuka Pharma GmbH.
Umboðsmaður á Íslandi: Otsuka Pharma GmbH.
Þýskaland var viðmiðunarland, markaðsleyfi veitt 7. febrúar 2000.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 14. desember 2000 til 14. desember 2005.
- Lyf:**
ZADITEN – SE/H/1/225/01 – Augndropar 0,25 mg/ml, lausn.
ZADITEN – SE/H/1/225/02 – Augndropar 0,25 mg/ml, lausn í einnota umbúðum.
Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare A/S.
Umboðsmaður á Íslandi: Thorarensen Lyf ehf.
Svíþjóð var viðmiðunarland, markaðsleyfi veitt 30. júní 2000.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 20. desember 2000 til 20. desember 2005.
- Lyf:**
Riamet - UK/H/351/01 – Töflur 20 mg + 120 mg.
Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare A/S.
Umboðsmaður á Íslandi: Thorarensen Lyf ehf.
Bretland var viðmiðunarland, markaðsleyfi veitt 30. nóvember 1999.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 5. janúar 2001 til 5. janúar 2006.
- Lyf:**
Quixil – UK/H/343/01 – Þéttiefni við skurðaðgerðir.
Markaðsleyfishafi: Omrix Biopharmaceuticals S.A.
Umboðsmaður á Íslandi: Omrix Biopharmaceuticals S.A.
Bretland var viðmiðunarland, markaðsleyfi veitt í september1999.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 25. janúar 2001 til 25. janúar 2006.
- Lyf:**
Diamicron Uno – FR/H/171/01 – Töflur með breyttan losunarhraða 30 mg.
Markaðsleyfishafi: Les Laboratoires Servier.
Umboðsmaður á Íslandi: Thorarensen Lyf ehf.
Frakkland var viðmiðunarland, markaðsleyfi veitt 29. mars 2000.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 26. janúar 2001 til 26. janúar 2006.

Sönnunargögn: Stefnandi kveðst munu leggja fram eftirtalin gögn við þingfestingu málsins:

- Frumrit stefnu þessarar, útgefið af héraðsdómi Norðurlands eystra.
- Ljósrit af veðskuldabréfi útg. 15. júní 1995.
- Ljósrit af veðskuldabréfi útg. 15. júní 1995.
- Leiðrétting dags. 6. júlí 1995.
- Yfirlýsing frá stefnanda um fullnaðargreiðslu bréfanna.
- Veðbókarvottorð vegna Hvannavalla 14.
- Lögbirtingablað það sem stefna þessi birtist í.

Fyrirkall: Fyrir því er hér með skorað á hvern þann sem kann að hafa framangreind veðskulda-bréf undir höndum eða telur til réttar yfir þeim, að mæta á dómþing héraðsdóms Norðurlands eystra sem háð verður að Hafnarstræti 107, Akureyri, fimmtudaginn 1. nóvember kl. 13.30, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskuldabréfanna þar sem ella megí búast við að útvistardómur gangi í málinu og krafa stefnanda um ógildingu veðskuldabréfanna verði tekin til greina.

Stefnufrestur ákveðst 1 mánuður.

Akureyri, 17. september 2001.
Freyr Ófeigsson.

(12004

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 12. september 2001, var bú Stefáns Einarssonar, kt. 250568-3989, Vættagili 20, Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 2. júlí 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfúlýsingar skulu sendar til skiptastjóra að Garðarsbraut 15, 640 Húsavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 15, Húsavík, þriðjudaginn 18. desember 2001 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafund.

(11995 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 12. september 2001, var bú Byggingarfélagsins Lindar ehf., kt. 570189-1589, Hafnarstræti 97, Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 24. júlí 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfúlýsingar skulu sendar til skiptastjóra að Garðarsbraut 15, 640 Húsavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 15, Húsavík, fimmtudaginn 20. desember 2001 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafund.

(11996 a

Húsavík, 17. september 2001.
Örlygur Hnefill Jónsson hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum þann 10. september 2001, var Ingunni Lúðvíksdóttur, kt. 040977-3339, Svalbarði 13, Hafnarfirði, veitt heimild til að leita nauðasamnings. Undirritaður lögmaður var skipaður

umsjónarmaður með nauðasamningsumleitun-um.

Hér með er skorað á alla þá er telja sig eiga samningskröfur skv. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 21/1991 á hendur nefndri konu að lýsa þeim fyrir undirrituðum umsjónarmanni með nauða-samningsumleitunum innan fjögurra vikna frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýs-ingar skulu sendar á nafn umsjónarmanns að Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði.

Fundur verður haldinn með þeim lánardrottn-um sem eiga atkvæðisrétt um samningsfrumvarp skuldarans á skrifstofu undirritaðs umsjónar-manns að Bæjarhrauni 2, 2. hæð í Hafnarfirði, miðvikudaginn 7. nóvember 2001, kl. 11.00 til að greiða þar atkvæði um frumvarpið.

Hafnarfirði, 17. september 2001.
Þórdís Bjarnadóttir hdl.

(11997 a

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands, upp-kveðnum þann 16. ágúst 2001, var bú Jóns Sig-urðssonar, kt. 111248-4519, Víðigrund 22, Akranesi, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri búsins. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 20. júní 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-um sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-stjóra að Laugavegi 97, 101 Reykjavík.

Skiptafundur til þess að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Laugavegi 97, þriðjudaginn 18. desember 2001 kl. 15.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 10. september 2001.
Tómas Jónsson hrl.

(11852 b

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, upp-kveðnum 6. september 2001, var bú Atlants-Ís ehf., kt. 431192-2339, Hafnarbakka, Flateyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin var 13. júlí 2001.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skipta-stjóra að Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði.

Skiptafundur verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 1, 3. hæð, 400 Ísa-firði, mánudaginn 10. desember 2001, kl. 10.00. Verður þá fjallað um skrá yfir lýstar kröfur í búíð, gerð grein fyrir hag þess og teknar ákvarð-anir um málefni þess.

Ísafirði, 13. september 2001.
Tryggvi Guðmundsson hdl.

(11877 b

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-kveðnum þann 7. september 2001, var bú Kaffi Lefolii ehf., kt. 500295-2289, með lögheimili að Gunnarshúsi, 820 Eyrarbakka, tekið til gjald-þrotaskipta. Undirritaður héraðsdómslögmaður var skipaður skiptastjóri þrotabúsins á úrskurð-ardegí. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 26. júlí 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu send-

6. **Lyf:**
Symbicort – SE/H/229/01 – Innöndunarduft (turbuhaler) 160/4,5 míkróg/innöndun.
Symbicort mite – SE/H/230/01 – Innöndunarduft (turbuhaler) 80/4,5 míkróg/innöndun.
Markaðsleyfishafi: AstraZeneca AS.
Umboðsmaður á Íslandi: Pharmaco.
Svíþjóð var viðmiðunarland, markaðsleyfi veitt 25. ágúst 2000.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 30. janúar 2001 til 30. janúar 2006.

7. **Lyf:**
Aerodiol – FR/H/173/01 – Nefúði, lausn 150 míkróg/úðaskammt.
Markaðsleyfishafi: Les Laboratoires Servier.
Umboðsmaður á Íslandi: Thorarensen-Lyf.
Frakkland var viðmiðunarland, markaðsleyfi veitt 19. maí 2000.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 5. febrúar 2001 til 5. febrúar 2006.

8. **Lyf:**
Pneumovax II – UK/H/399/01 – Stungulyf, hettuglas.
Pneumovax II – UK/H/399/02 – Stungulyf, áfylltar sprautur.
Markaðsleyfishafi: Aventis Pasteur MSD A/S.
Umboðsmaður á Íslandi: Ísfarm ehf.
Bretland var viðmiðunarland, markaðsleyfi veitt 3. maí 2000.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 8. febrúar 2001 til 8. febrúar 2006.

9. **Lyf:**
Seretide – UK/H/0392/01 – Innúðalyf, dreifa 25/50 míkróg/skammt.
Seretide – UK/H/0392/02 – Innúðalyf, dreifa 25/125 míkróg/skammt.
Seretide – UK/H/0392/03 – Innúðalyf, dreifa 25/250 míkróg/skammt.
Markaðsleyfishafi: Glaxo Wellcome.
Umboðsmaður á Íslandi: Glaxo Wellcome.
Bretland var viðmiðunarland, markaðsleyfi veitt 16. júní 2000.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 14. febrúar 2001 til 14. febrúar 2006.

Seltjarnarnesi, 17. september 2001.
Lyfjastofnun.

11984)

Tilkynning frá Lyfjastofnun

um markaðsleyfi er Lyfjastofnun hefur veitt fyrir lyf á Íslandi á árinu 2001 í samræmi við EES-samninginn og á grundvelli miðlægs markaðsleyfis (EU) og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur veitt í aðildarríkjum sambandsins.

1. **Lyf:**
Fasturtec – EU/1/00/170/001/IS – Stofn og leysir fyrir innrennslisþykkní 1,5 mg.
Markaðsleyfishafi: Sanofi-Synthelabo.
Umboðsmaður á Íslandi: Thorarensen Lyf ehf.
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 23. febrúar 2001.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 16. maí 2001 til 23. febrúar 2006.

2. **Lyf:**
Kaletra – EU/1/01/172/001-002/IS – Mjúk hylki, lópínavír 133,3 mg + rítónavír 33,3 mg; 90 stk. (glas), 180 stk. (þynnupakkað).
Kaletra – EU/1/01/172/003/IS – Mixtúra, lausn, lópínavír 80 mg/ml + rítónavír 20 mg/ml; (60 ml PTE flaska + 5 ml skömmtnunarsprautu) x 5.
Markaðsleyfishafi: Abbott Laboratories Limited.
Umboðsmaður á Íslandi: Pharmaco hf.
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 20. mars 2001.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 8. júní 2001 til 20. mars 2006.

3. **Lyf:**
Vaniqua - EU/1/00/173/001-003/IS – Krem 11,5% túpa 15 g, túpa 30 g og túpa 60 g.
Markaðsleyfishafi: Bristol-Myers Squibb.
Umboðsmaður á Íslandi: Pharmaco.
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 20. mars 2001.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 18. maí 2001 til 20. mars 2006.

4. **Lyf:**
Prevenar – EU/1/00/167/001-002/IS – Stungulyfsdreifa, bóluefni, hettuglas 0,5 ml x 1 og x 10.
Prevenar – EU/1/00/167/003-004/IS – Stungulyfsdreifa, bóluefni í áfylltri sprautu 0,5 ml x 1 og x 10.
Markaðsleyfishafi: Wyeth Lederle Vaccines S.A.
Umboðsmaður á Íslandi: Austurbakki hf.
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 2. febrúar 2001.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 16. maí 2001 til 2. febrúar 2006.

5. **Lyf:**
Optisulin – EU/1/00/133/001-004/IS – Stungulyf, lausn, sc 100 a.e./ml, hettugl. 5 ml 1,2,5 eða 10 hettuglös.
Optisulin – EU/1/00/13/005-007/IS - Stungulyf, lausn, sc 100 a.e./ml, 4,5 eða 10 rörlykjur.
Markaðsleyfishafi: Aventis Pharma Deutschland GmbH.
Umboðsmaður á Íslandi: Pharmaco.
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 27. júní 2000.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 14. maí 2001 til 27. júní 2005.

6. **Lyf:**
Zubrin – EU/2/00/028/001/IS – Frostþurrkaðar töflur 30 mg, þynnup. 1 x 8 stk.
Zubrin – EU/2/00/028/002-003/IS - Frostþurrkaðar töflur 50 mg, þynnup. 1 x 8 stk. og 4 x 8 stk.
Zubrin – EU/2/00/028/004-005/IS - Frostþurrkaðar töflur 100 mg, þynnup. 1 x 8 stk. og 4 x 8 stk.
Zubrin – EU/1/00/028/006-008/IS - Frostþurrkaðar töflur 200 mg, þynnup. 1 x 8 stk. og 4 x 8 stk.
Markaðsleyfishafi: Shering-Plough Limited.
Umboðsmaður á Íslandi: Ísfarm ehf.
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 17. febrúar 2001.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 9. maí 2001 til 17. febrúar 2006.
7. **Lyf:**
Prandin – EU/1/00/162/001/IS – Töflur 0,5 mg, 100 stk. plastglas.
Prandin – EU/1/00/162/002/IS – Töflur 0,5 mg, 500 stk. plastglas.
Prandin – EU/1/00/162/003/IS – Töflur 0,5 mg, 30 stk. þp.
Prandin – EU/1/00/162/004/IS – Töflur 0,5 mg, 90 stk. þp.
Prandin – EU/1/00/162/005/IS – Töflur 0,5 mg, 120 stk. þp.
Prandin – EU/1/00/162/006/IS – Töflur 0,5 mg, 360 stk. þp.
Prandin – EU/1/00/162/007/IS – Töflur 1 mg, 100 stk. plastglas (HDPE).
Prandin – EU/1/00/162/008/IS – Töflur 1 mg, 500 stk. plastglas (HDPE).
Prandin – EU/1/00/162/009/IS – Töflur 1 mg, 30 stk. þp.
Prandin – EU/1/00/162/010/IS – Töflur 1 mg, 90 stk. þp.
Prandin – EU/1/00/162/011/IS – Töflur 1 mg, 120 stk. þp.
Prandin – EU/1/00/162/012/IS – Töflur 1 mg, 360 stk. þp.
Prandin – EU/1/00/162/013/IS – Töflur 2 mg, 100 stk. plastglas (HCPE).
Prandin – EU/1/00/162/014/IS – Töflur 2 mg, 500 stk. plastglas (HCPE).
Prandin – EU/1/00/162/015/IS – Töflur 2 mg, 30 stk. þp.
Prandin – EU/1/00/162/016/IS – Töflur 2 mg, 90 stk. þp.
Prandin – EU/1/00/162/017/IS – Töflur 2 mg, 120 stk. þp.
Prandin – EU/1/00/162/018/IS – Töflur 2 mg, 360 stk. þp.
Markaðsleyfishafi: Novo Nordisk A/S.
Umboðsmaður á Íslandi: Pharmaco hf.
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 29. janúar 2001.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 7. maí 2001 til 29. janúar 2006.
8. **Lyf:**
Neospect – EU/1/00/154/001/IS – Búnaður til geislavirkrar lyfjagerðar, stungul.stofn 47 míkróg, 1 hgl.
Neospect – EU/1/00/154/002/IS – Búnaður til geislavirkrar lyfjagerðar, stungul.stofn 47 míkróg, 5 hgl.
Markaðsleyfishafi: Nycomed Imaging.
Umboðsmaður á Íslandi. Ísfarm ehf.
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 29. september 2000.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 30. apríl 2001 til 29. nóvember 2005.
9. **Lyf:**
Azomyr– EU/1/00/157/01-013/IS – Filmuhúðaðar töflur 5 mg, 1, 2, 3, 5, 7, 10, 14, 15, 20, 21, 30, 50 og 100 stk. allt þynnupakkað.
Opulis – EU/1/00/158/01-013/IS – Filmuhúðaðar töflur 5 mg, 1, 2, 3, 5, 7, 10, 14, 15, 20, 21, 30, 50 og 100 stk. allt þynnupakkað.
Allex – EU/1/00/159/01-013/IS – Filmuhúðaðar töflur 5 mg, 1, 2, 3, 5, 7, 10, 14, 15, 20, 21, 30, 50 og 100 stk. allt þynnupakkað.
Neoclarityn – EU/1/00/161/01-013/IS – Filmuhúðaðar töflur 5 mg, 1, 2, 3, 5, 7, 10, 14, 15, 20, 21, 30, 50 og 100 stk. allt þynnupakkað.
Markaðsleyfishafi: Schering-Plough Europe.
Umboðsmaður á Íslandi: Ísfarm ehf.
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 15. janúar 2001.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 26. apríl 2001 til 15. janúar 2006.
10. **Lyf:**
Metalyse – EU/1/00/169/001/IS – 6.000 ein. Stungulyfsstofn og leysir 1 hgl.+ 1 áfyllt sprauta.
Metalyse – EU/1/00/169/002/IS – 8.000 ein. Stungulyfsstofn og leysir 1 hgl.+ 1 áfyllt sprauta.
Metalyse – EU/1/00/169/003/IS – 10.000 ein. Stungulyfsstofn og leysir 1 hgl.+ 1 áfyllt sprauta.
Markaðsleyfishafi: Boehringer Ingelheim International GmbH.
Umboðsmaður á Íslandi: Pharmaco hf.
Miðlægt markaðsleyfi (EU) veitt frá 23. febrúar 2001.
Markaðsleyfi á Íslandi veitt frá 23. febrúar 2001 til 23. febrúar 2006.

Seltjarnarnesi, 17. september 2001.
Lyfjastofnun.

11985)

Nauðungarsölur

Húsavík

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, þriðjudaginn 6. nóvember 2001 kl. 13.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Aðalbraut 65, 1,67% Raufarhöfn	Helgi Jóhann Hilmarsson	Ingvar Helgason hf.	274.079

11998)

ar skiptastjóra að Ingólfsstræti 3, pósthólf 168, 121 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ingólfsstræti 3, Reykjavík, fimmtudaginn 13. desember 2001 kl. 10.00 árdegis. Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 12. september 2001.
F. h. Sigurbjörns Þorbergssonar hdl.,
e.u. **Ingimar Ingimarsson** hdl.

(11879 b

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 23. október 2000, var bú Björns Róbertssonar, kt. 040573-4029, Lundarbrekku 6, Kópavogi, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum í búinu lauk 14. september sl., samkvæmt 2. mgr. 154. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., með því að allar fjórar kröfur í búíð, samtals að fjárhæð kr. 3.610.688 voru afturkallaðar.

Búið var því afhent Birni Róbertssyni til frjálsrar ráðstöfunar.

Reykjavík, 18. september 2001.
F.h. Ágústs Þórhallssonar hdl., skiptastjóra,
Halla Bergþóra Björnsdóttir hdl.

(11986

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 4. október 2000, var bú Ingólfs Haraldssonar, kt. 120369-5129, Norðurbrún 6, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum því lokið 6. september sl., samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem voru að fjárhæð samtals kr. 7.199.159 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag.

Reykjavík, 18. september 2001.
Halla Bergþóra Björnsdóttir hdl.,
skiptastjóri.

(11987

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 13. júní 2001, var bú Baldrúnar K. Jónsdóttur, kt. 190566-3669, Blikahólum 4, 3c, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu sama dag.

Ekki fundust í búinu eignir er nægðu til greiðslu skiptakostnaðar og lauk skiptum á því í dag, samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, samtals að fjárhæð kr. 3.501.102, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

(11988

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 13. júní 2001, var bú Bókabúðarinnar Borgar ehf., kt. 451285-1069, Lækjargötu 2, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu sama dag.

Engar eignir fundust í búinu og lauk skiptum á því í dag, samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, samtals að fjárhæð kr. 7.394.877, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

(11989

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum 7. júní 2001, var bú Þórodds Elmars
Jónssonar, kt. 271269-5019, Starengi 32,
Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Var undir-
ritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrota-
búinu sama dag.

Ekki fundust í búinu eignir er nægðu til
greiðslu skiptakostnaðar og lauk skiptum á því í
dag, samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991, án
þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sam-
tals að fjárhæð kr. 3.657.474, auk áfallinna vaxta
og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrota-
skipta.

(11990)

Hafnarfirði, 14. september 2001.
Bjarni Lárusson hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-
kveðnum 28. mars 2001, var bú Jóhanns Einarss-
sonar, kt. 250361-7349, Krókamýri 16, Garða-
bæ, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var
undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í þrotabúinu og var
skiptum lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr.
21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar
kröfur sem voru að fjárhæð kr. 2.537.900, auk
áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag
gjaldþrotaskipta.

Hafnarfirði, 18. september 2001.
Ólafur Eiríksson hdl.

(11993)

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum 4. október 1996, var bú Húsbyrgis ehf.,
kt. 651089-2049, Laugarásvegi 8, Reykjavík, tek-
ið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður
lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Óverulegar eignir sem fundust í búinu gengu
upp í skiptakostnað og var skiptum á búinu lokið
4. júlí sl., samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991
um gjaldþrotaskipti o.fl., án þess að greiðsla
fengist upp í lýstar kröfur, sem voru að fjárhæð
samtals kr. 10.553.073, auk áfallinna vaxta og
kostnaðar eftir úrskurðardag.

Reykjavík, 20. september 2001.
Guðjón Ármann Jónsson hrl.,
skiptastjóri.

(12034)

Firmaskrá

Akranes

Hér með tilkynnist til firmaskrár Akraness, að
firmað **Málningarverk sf.**, kt. 460677-0179,
Akranesi, hætti rekstri þann 31. desember 2000.
Eigendur fyrirtækisins, Aðalsteinn Ingi Aðal-
steinsson, kt. 010840-4149 og Erling S. Huldarss-
on, kt. 100556-2789 yfirtóku allar skuld-
bindingar fyrirtækisins.

Firmað óskast afmáð úr firmaskrá.

Reykjavík, 31. ágúst 2001.
Aðalsteinn Ingi Aðalsteinsson.
Erling S. Huldarsson.

(11991)

Búfjármark

Vestur-Barðastrandarsýsla

Fjármark:

Eyrnamark: Gagnbitað hægra. Sneitt aftan
vinstra.

Bæjarnúmer: 22 V 131.

Eigandi: Haukur Breiðfjörð.

Heimilisfang: Ytri-Miðhlíð, Barðaströnd.

Markavarðarmark: Mark nr. 257 í Vest-
fjarðaskránni 1996.

Reykjavík, 13. september 2001.
Júlíus R. Ívarsson markavörður.

(11992)

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Ásgarðsvegur 11	Vigdís Þórðardóttir og Haraldur Guðmundsson	Landsbanki Íslands hf., höfuðst.	563.652
¹¹⁹⁹⁹⁾			
Grímsstaðir 2, eignarhluti gþ., Skútustaðahreppi	Kjartan Þ. Sigurðsson	Kaupfélag Þingeyinga	3.508.458
¹²⁰⁰⁰⁾			
